

Mánudaginn 16. október 1916.

Nr. 3/1916.

Hjörtur A. Fjeldsted

gegn

Stefáni Sigurfinnssyni

og Önnu Pálsdóttur

með lögráðamanni hennar

Kr. P. Briem.

D ó m u r :

Með símskeyti dags. 17. desember 1915 seldi stefndi Kr. P. Briem kaupmaður á Sauðárkróki f. h. ekkjunnar Önnu Pálsdóttur á Auðnum á Vatnsleysuströnd sem umboðsmaður hennar og lögráðamaður, stefndum Stefáni Sigurfinnssyni í Bakkakoti, ær þær, 61 að tölu, er nefnd ekkja ætti og væru á Auðnum og markaðar væru fjármarki ekkjunnar. Krafðist stefndi Stefán Sigurfinnsson þess síðan, með beiðni dags. 6. janúar þ. á, að fógæti með innsetningargerð afhenti sér umrætt fé, og var samkvæmt þeirri beiðni í fógætarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. jan. þ. á. kveðinn upp úrskurður á þá leið, að hina umbeðnu innsetningargerð beri að framkvæma og skuli ær þær, 61 að tölu með marki gerðarþola, sem viðurkendar séu að vera í hennar vörzlum, þar með afhentar gerðarbeiðanda Stefáni Sigurfinnssyni, en um tryggingu sé eigi að ræða.

Við áminsta fógætagerð var áfrýjandi Hjörtur A. Fjeldsted mættur og lét hann bóka mótmæli sín gegn kröfum gerðarbeiðanda. Hefir hann nú áfrýjað nefndum úrskurði til yfirdómsins, með stefnu útg. 11. jan.

þ. á. og krafist þess að úrskurðinum verði algerlega hrundið, hann úr gildi feldur svo og að hann fái afhent það í greindum úrskurði umrædda sauðfé og tildæmdar fullar skaðabætur og málskostnað allan eftir mati yfirdómsins. Stefndu hafa krafist þess, að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður verði staðfestur og sér tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Kröfur sínar í málinu byggir áfrýjandi á því, að fé það, er ræðir um í hinum áfrýjaða úrskurði, sé sín eign og kveðst hann hafa keypt það af stefndu Önnu Pálsdóttur með samningi dags. 8. júní 1915. Í samningi þessum, er fram hefir verið lagður í málinu, og undirritaður er með handsöluðu nafni stefndu Önnu Pálsdóttur og nafni áfrýjanda, selur nefnd Anna áfrýjanda, meðal annars, alt sauðfé sitt með þeirri tölu, er heimist af fjalli á næstkomandi hausti. Því er nú haldið fram í málinu af hálfu hinna stefndu að þau ákvæði nefnds samnings, er ræða um sölu á sauðfé, séu eigi skuldbindandi fyrir Önnu Pálsdóttur, þaræð hún aldrei hafi samþykkt slíka sölu, og hafi henni, er hún handsalaði nafn sitt undir samninginn, verið ókunnugt um að hann hefði slíkt ákvæði að geyma, enda sé hún óskrifandi og ólæs á skrift. Eftir sönnunargögnum þeim, er fram eru komin í málinu og sem að nokkru leyti felast í dómsgerðum í máli nokkru milli stefnda Kr. P. Briem f. h. Önnu Pálsdóttur og áfrýjanda, er rekið var fyrir aukarétti Gullbringusýslu, verður eigi talið að áfrýjandi hafi sannað, gegn því að Anna Pálsdóttir hefir undirritað samninginn fyrir handsal, að hún alt að einu sé skrifandi og iæs á skrift, því þær líkur, er framburður nokkurra vitna,

er leidd voru í nefndu máli, kynnu að gefa fyrir því að Anna Pálsdóttir hafi verið læs á skrift veikjast svo mjög við önnur framkomin sönnunargögn, þar á meðal vitnisburði margra vitna, sem öll má ætla að hafi haft náin kynni af Önnu, og borið hafa að þau hafi aldrei séð hana skrifa eða heyrt eða séð hana lesa skrift, né viti til þess á annan hátt að hún sé eða hafi verið skrifandi eða læs á skrift, að eigi verður álitid, að nein sönnun sé framkomin fyrir því að Anna sé eða hafi verið læs á skrift eða skrifandi. Áfrýjandi hefir eigi heldur, gegn mótmælum stefndu, sannað að umgetinn samningur hafi verið lesinn upp fyrir Önnu áður en hún handsalaði nafn sitt undir hann eða henni á annan hátt hafi verið kunnugt um nefnd ákvæði samningsins, né að hún síðar hafi samþykkt þau eða hann á annan hátt hafi orðið eigandi kinda þeirra, er umræðir í hinum áfrýjanda úrskurði. Verður því að staðfesta hinn áfrýjanda fógetaúrskurð og kröfur áfrýjanda um skaðabætur verða ekki teknar til greina. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu 20 krónur hvoru.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi úrskurður á að vera óraskaður, og skulu hin stefndu Stefán Sigurfinnsson og Anna Pálsdóttir með lögráðamanni sínum Kr. P. Briem vera sýkn af kröfum áfrýjanda í málinu. Áfrýjandi Hjörtur A. Fjeldsted greiði hin-

um stefndu Stefáni Sigurfinnssyni og Önnu Pálsdóttur með lögráðamanni hennar Kr. P. Briem í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. hvoru, er lúkest innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. október 1916.

Nr. 48/1916.

Frimann Einarsson
 gegn
 Lofti Loftssyni.

D ó m u r :

Málsaðilar gerðu með sér svofeldan samning 22. desember 1914, að Frimann Einarsson réði sig sem hlutaman á mótorbát, eign Lofts Loftssonar, næstkomandi vetrarvertíð eða frá 2. febrúar til 11. maí 1915 með þeim kjörum, að Frimann fengi $\frac{1}{22}$ part af afla bátsins, en borgi hlutfallslegan kostnað ($\frac{1}{22}$ part), er kann að leggjast á aflann, svo sem salt, sild o. s. frv. Ennfremur skyldi hann borga »fyrir veðleigukostnað« 3 kr. pr. viku, og leggja sér sjálfur til sjóföt, stígvél og annað, er hann þarfnadist. Þegar vertíðin byrjaði og áfrýjandi ætlaði að fara í skiprúmið, var mótarbátur sá, er hann átti að fara á, ekki tilbúinn vegna einhverrar bilunar, og var eigi látinn ganga í febrúarmánuði. Með því að stefndi eigi útvegaði áfrýjanda annað skiprúm eða gaf hon-